

Fundargerð háskólaráðs

318. fundur 31. ágúst 2012

í stofu 262, Borgum, kl. 12.30 – 14.55

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 317. fundar, mál til kynningar

Fundargerð 317. fundar var borin upp og samþykkt.

- Rektor kynnti dagskrá afmælishátíðar vegna 150 ára afmælis HA sem haldin verður 2. september.
- Rektor kynnti yfirlit yfir umsækjendur um tímabundna stöðu prófessors í norðurslóðafræðum við HA. Þeir eru níu:

Frigga Kruse doktorsnemi, Hollandi, Húni Heiðar Hallson M.L. í lögfræði, dr. Jack Hicks doktorsnemi, Kanada, dr. Natalia Loukacheva Kanada, dr. Pete J. Capelotti, USA, Peter Thomas Örebech Cand.Jur, Noregi, dr. Robert Wheelersburg USA, Susan Barr Cand. Mag, Noregi og dr. Torbjörn Pedersen, Noregi.

Valnefnd verður skipuð til að vinna úr umsóknum og er stefnt að því að fyrir næsta háskólaráðsfundi liggi tillaga að ráðningu í stöðuna.

- Rektor greindi stuttlega frá ráðningum kennara að háskólanum á haustmisseri.
- Steinunn útskýrði yfirlit yfir fjölda nemenda sem greitt hafa skrásetningargjald 25. ágúst. Heildartalan er nú 1.550 nemendur og eru líkur á að þeir verði um 1.650 þegar upp er staðið svipað og var á haustmisseri 2011. Skipting eftir námsformi er: staðarnám 643, fjarnám 718 og lotunám 186. Fjölgun er í fjarnámi milli ára en nokkur fækkun í staðarnámi. Má skýra það af námsframboði að einhverju leyti, þ.e. auknu framboði á vinsælu fjarnámi. Einnig því að ekki eru nú innritaðir nýir nemendur í heimskautalögfræði vegna „fléttukennslu“ sem og því, að aðsókn að kennaranámi er minni en á fyrra ári sem e.t.v. má rekja til lengingar námsins skv. lögum.
- Rektor sagði frá viljayfirlýsingu um samstarf milli HA og Menntaskólans á Tröllaskaga um kennslu í sjávarútvegsgreinum.

2. Rekstraryfirlit janúar-júlí

1210028

Úlfar útskýrði yfirlitið. Rekstur háskólans í heild er 56,25% af áætlun, en viðmiðið er 58,33%. Helsta frávik frá áætlun er rekstur viðskipta- og raunvísindasviðs en mjög mun draga úr kostnaði við rekstur sviðsins á haustmánuðum vegna að gerða sem gripið hefur verið til. Stefnt er að hallalausum rekstri sviðsins árið 2013. Staða stofnana og setra með eigin tekjur er góð sem endurspeglar góða verkefnastöðu.

Úlfar greindi frá helstu forsendum rekstraráætlunar 2012 og stöðunni miðað við þær. Líkur eru á að rekstur háskólans í árslok verði innan marka en rekstrarafgangur minni en áætlað var. Staðan er því sú að sýna verður fyllsta aðhald í öllum rekstri á næstu mánuðum.

Ólafur greindi frá því að boðaður er um 1,5% niðurskurður á opinberu framlagi árið 2013. Fjárhagsstaða háskólans næsta ár verður því þröng og nauðsynlegt er að gæta mikils aðhalds.

Rektor þakkaði Ólafi og Úlfari fyrir og fóru þeir af fundinum.

3. Staða mála varðandi Ugluna

1210006

Steinunn útskýrði yfirlit yfir stöðu verkefnisins. Aðgengi nemenda er nú að mestu leyti komið í gagnið. Önnur atriði sem þarfnast úrbóta eftir því sem misserinu vindur fram eru sett upp sem forgangslisti. Gagnasmiðjan tekur við ábendingum frá starfsfólki um það sem betur má fara og Stefán Jóhannsson sérfræðingur er tengiliður við Reiknistofnun HÍ. Upplýsingar og fræðsla um notkun Uglunnar verður í formi tilkynninga í sérstökum reit í Uglunni og á hádegisfundum eftir því sem þurfa þykir.

Steinunn lagði áherslu á að HA hefði mikið aðgengi að forritum Reiknistofnunar á næstunni. Mikið álag á starfsfólk og nemendur hefur skapast á fyrstu vikum skólaársins vegna þessa verkefnis, aðallega vegna þess hve forritun Uglunnar var skammt á veg komin. Taldi hún að innleiðing Uglunnar að fullu tæki eitt skólaár.

Rektor þakkaði Steinunni fyrir að axla mikla ábyrgð við innleiðingu Uglunnar og skila frábærri vinnu við utanumhald verkefnisins. Fram kom að Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri er í stuttu veikindaleyfi en hún gegnir einnig mjög mikilvægu hlutverki við innleiðinguna. Steinunn fór af fundinum.

4. Reglur um framgang

1202091

Rektor lagði fram reglur um framgang akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri. Reglurnar koma í stað 3. gr. reglna nr. 1207/2007 um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri með síðari breytingum, nema lið 3.2. Með þeim eru reglur um framgang orðnar samræmdar hjá opinberu háskólunum. Helsta nýmæli er að sótt er um framgang einu sinni á ári (fyrir 1. nóvember ár hvert) og framgangur er veittur átta mánuðum síðar.

Háskólaráð samþykkti reglur um framgang einróma. Reglurnar taka gildi 1. nóvember 2012.

Fram að því getur starfsfólk sótt um framgang eftir gildandi reglum. Þetta verður kynnt vel fyrir starfsfólki.

5. Kynning á Miðstöð skólaþróunar.

"[málsnúmer]"

Birna María Svanbjörnsdóttir forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar kynnti stjórnskipulag og helstu verkefni miðstöðvarinnar en þau lúta að því að þjálfa starfsmannahópa (leik- og grunnskólakennara og -stjórnendur) í samræmi við menntastefnu hlutaðeigandi skóla/sveitarfélags. Með nýjum reglum um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs hefur opnast möguleiki fyrir miðstöðina til að taka að sér verkefni á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Miðstöð skólaþróunar hefur gert samninga við Akureyrarbæ, Reykjavíkurborg og ýmis sveitarfélög um þessa þjónustu og sér m.a. um innleiðingu nýrrar námskrár í skólakerfi Akureyrarbæjar og gerð námskrár fyrir einstaka skóla. Innan Miðstöðvar skólaþróunar hafa verið þróuð ýmis umbótaverkefni fyrir kennslu s.s. Byrjendalæsi og Orð af orði. Yfir 70 skólar í landinu nýta sér þá þjónustu miðstöðvarinnar og fleiri bíða eftir að komast að. Meðal annarra verkefna miðstöðvarinnar er að vinna að foreldrasamstarfi og eineltismálum, efla stærðfræðikennslu, annast úttektir á skólastarfi og ráðgjöf um innra mat skóla sem og að sjá um margskonar fræðslu fyrir kennara og skólastjórnendur. Miðstöð skólaþróunar stendur reglulega fyrir fjölmönnum ráðstefnum um málefni tengd skólastarfi.

Umræða varð um starf Miðstöðvar skólaþróunar, einkum það sem lýtur að umbótum í lestrarkennslu, og mikilvægi eftirfylgni, sem miðstöðin leggur mikla áherslu á. Fulltrúar í háskólaráði lýstu mikilli ánægju með afar þýðingarmikið starf Miðstöðvar skólaþróunar. Rektor þakkaði Birnu Maríu fyrir.

6. Tímasetningar á haustmisseri

"[málsnúmer]"

Háskólaráð samþykkti eftirfarandi fundatíma:

Mánudagur 1. okt. kl. 12-15.20, föstudagur 26. okt. og föstudagur 30. nóvember kl. 10-13.

Síðasti fundur misserisins og jafnframt þessa háskólaráðs verður föstudag 14. desember kl. 12-15.30.

7. Önnur mál

"[málsnúmer]"

- Rektor vakti athygli á nýjum bæklingi um Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA og á nýnemabæklingi HA.
- Rektor greindi frá að vinna við aðgerðaáætlun með stefnu HA 2012-2017 er að hefjast. Aðgerðaáætlun verður endurskoðuð árlega.
- Kristín lýsti yfir mikilli ánægju með skilgreiningu ferla í áreitnimálum starfsfólks og nemenda (áreitniferlar samþykktir í háskólaráði 31. maí 2012). Kristín lagði áherslu á að ferlarnir verði vel kynntir innan háskólans.
- Rektor sagði frá því að jafnréttisráði er falið að koma af stað endurskoðun jafnréttisáætlunar HA 2009-2012.
- Fulltrúar í háskólaráði undirrituðu kveðju til Margrétar Björgvinsdóttur ekkju Haraldar Bessasonar fyrrv. rektors Háskólans á Akureyri, en Margrét er í Kanada.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.55.